



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

56. tölublað 6. árgangur júní 2017 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

2017-2018

## Skóladagatal

[hér.](#)

Allt á hreinu!

## Lykilspurningar

### Hvað vilt þú?

Hvernig get ég hjálpað þér?



Hvaða val hefur þú?

Hverju vilt þú breyta?



Hvernig viltu að þér líði?



Að hverju stefnir þú?

Hvað vilt þú að gerist næst?

Hvað er mikilvægt fyrir þig?



Ef þú gæti breytt einhverju, hverju myndir þú þá breyta?



## Kæra skólasamfélag

Kæra skólasamfélag. Þá er 5. starfsári leik- og grunnskólans í Árskógi að ljúka. Snjóléttur vetur, faglegt og gott starf í skólanum, gott samstarf við ykkur kær foreldrar og jákvæðir uppbyggjandi hlutir að gerast á Ströndinni sem styrkja skólann. Eftir 5 ára starf er gott að líta um öxl, rifja upp hvernig skólinn varð til, hvernig þróun nemendafjölda hefur verið, hvaða verkefni hafa verið unnin, hvernig kannanir hafa komið út og allt hvað annað sem hangir við skólastofnun. Margt gott hefur gerst, annað ekki gengið eins vel og stefnt var að en markmiðið að læra af því. Þegar heildarmyndin er skoðuð má með sanni segja að Árskógar skóli sé góður skóli sem veitir ólíkum nemendum tækifæri til að gera sem best úr kostum sínum með fjölbreyttum efnivið, námsaðstæðum og aðferðum inni sem úti. Hér vinnur öflugur starfsmannahópur, frábær börn í skólanum og foreldrar sem vinna með okkur að velferð barnanna. Það er bjart framundan og við hlökkum til skólaárs nr. 6 skólaárið 2017-2018.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Skólaslit föstudaginn 2. júní

Skólaslit Árskógar skóla verða föstudaginn 2. júní kl. 10:00 í félagsheimilinu Árskógi.

Þann dag fá nemendur grunnskólastigs afhentan vitnisburð, elsti árgangur leikskólastigs er formlega útskrifaður af því skólastigi.

**Nemendur grunnskólastigs mæta eingöngu á skólaslit þennan dag og fara svo í sumarfrí, enginn skólabíll. Kötlukot lokar kl. 12<sup>00</sup> á skólaslitadag.**

Skólaslit taka um 30 mínútur og við hvetjum foreldra til að mæta og eiga góða stund saman áður en grunnskólastignemendur fara í sumarfrí.



**Takk fyrir veturinn og hafið það sérstaklega gott í sumar!**

## Sumarlestur

Þó sumarið sé komið og grunnskólanemendur alveg að detta í sumarfrí er mjög mikilvægt að nemendur haldi áfram að lesa í sumar. Heimalestur er afskaplega mikilvægur fyrir lestrarnám barna, lestur er eins og íþrótt þar sem æfingin skapar meistarann. Það er tilvalið að skreppa á bókasafn og hvetja börnin til að velja sér bók, lesa þar, á ferðalagi eða bara heima, inni eða úti.



*Lestur og læsi er undirstaða alls náms og lykill að tækifærum barna til frekari náms og síðar atvinnu á lífsleiðinni.*

Lestur í sumar er málið!

## Starfsmannahópurinn 2017-2018

Á 6. starfsári skólans veturinn 2017-2018 verða 11 starfsmenn í 7 stöðugildum starfandi við skólann. Jóna, Hanna og Anna leikskólakennarar, Elín, Berglind og Anna skólaliðar, Heike, Bjarni og Helena grunnskólakennarar, Gunnþór skólastjóri/kennari, Guðrún stuðningsfulltrúi. Sem fyrr njótum við krafta starfsmanna á fræðsluviði og Dalvíkurskóla; Dóra kennsluráðgjafi/sérkennari, Arna þroskaþjálfari, Guðný námsráðgjafi, Valdís iðjuþjálfari.

Helga Snorradóttir lýkur nú ársleyfi og hættir störfum við skólann. Við þökkum Helgu kærlega fyrir gott samstarf og hennar framlag við mótun skólans og óskum henni gæfu og góðs gengis.



## Hagnýtar upplýsingar

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,  
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

[Skóladagatal 2016-2017](#) svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>





Netfang: [arskogarskoli@dalvikurbyggd.is](mailto:arskogarskoli@dalvikurbyggd.is)



náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

# Viðburðadagatal júní 2017

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

|  |   |    |   |  |  |                      |
|--|---|----|---|--|--|----------------------|
|  |   |    | <p>1</p> <p>Skipulagsdagur<br/>grunnskólastígs<br/>Köttlukot opið<br/>Emelía 7 ára<br/>Jón Ævar 5 ára</p>  | <p>2</p> <p>Skólaslit kl. 10<sup>00</sup></p>  <p><b>Köttlukot<br/>lokar 12<sup>00</sup></b></p> | 3  | 4<br>Hvítasunna      |
| 5<br>Annar í<br>hvítasunnu<br><br><b>Lokað</b> | 6   | 7  | 8   | 9  | 10   | 11<br>Sjómanna dagur |
| 12   | <p>13</p> <p>Jón T. 8 ára</p>  | 14 | 15  | 16   | <p>17</p> <p>Þjóðhátíð</p> <p>Bergdís 10 ára</p>  | 18                   |
| 19   | 20  | 21 | 22  | 23   | 24   | 25                   |
| 26   | 27  | 28 | 29  | 30   | 1. júlí  | 2. júlí              |